

Skýsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja 2001 – 2002.

Inngangur

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja fyrir starfsárið 2001-2002. Um þessar mundir eru tíu ár frá því að Björgunarfélag Vestmannaeyja og Hjálparveit skáta Vestmannaeyjum sameinuðust í eitt félag sem hlut nafnið Björgunarfélag Vestmannaeyja. Það er álit allra sem að þessum málum komu á þeim tíma að þessi sameining hafi verið báðum félögum til góðs, það hefur aldrei borið skugga á þessa gjörð og menn unnið saman undir einu merki. Síðan sameinuðust heildarsamtökin S.V.F.Í og L.H.S og þá má segja að endahnúturinn hafi verið rekinn á þetta ferli. Síðan hafa margar sveitir á fastalandinu sameinast.

Skýrslunni verður skipt upp í kafla er taka á ýmsum liðum starfsins. Starf félagsins hefur að mestu verið með hefðbundnum hætti. Lítið hefur verið um útköll á landi en heldur hefur verið meira að gera á sjóbjörgunarsviðinu.

Langstærsta einstaka verkefni félagsins á árinu var bygging hússins á Tangasvæðinu. Eins og menn rekur minni til gaf Ísfélag Vestmannaeyja BV löndunarhús sem staðsett var á Nausthamarsbryggju. Nú hefur húsið verið flutt til, það lengt, byggt við það, húsið klætt að utan og settir í það gluggar. Það voru nokkuð margir sem höfðu horn í síðu okkar á fyrstu stigum þessarar húsbyggingar. Töldu að þetta yrði með afbrigðum ljótt hús er myndi spilla umhverfinu. Í dag hafa þessar raddir hljóðnað. Húsið er hið glæsilegasta og það fallegasta á hafnarsvæðinu. Nú er rætt um að nú þurfi að snyrta húsin í umhverfinu, þau líti svo illa út.

Innra starf félagsins hefur að mestu gengið venjubundið. Nýliðahópar eru starfandi, námskeið hafa verið haldin, eins og verið hefur undanfarin ár töpum við fólki jafnt og þétt til Íslands, bæði til vinnu og náms. Þessi þróun hefur verið félaginu erfið því þegar nýliðabjálfun líkur er þetta fólk farið til náms eða til starfa uppi á landi. Þetta fólk nær því aldrei að komast almennilega inn í þau fjölbreyttu störf sem félagið býður uppá.

Framundan er að venju ár æfinga og vinnu. Fyrir liggur mikil vinna við að innrétta nýja húsið. Í sumar verður haldin á vegum NATO æfingin “**Samvörður 2002**”. Hún verður haldin á Heimaey, tekur 2-3 daga og verður væntanlega viðamesta æfing sem hér hefur verið haldin.

Stjórnin þakkar félögum fyrir ánægjulegt samtarf á árinu.

Húsnæðismál-félagsaðstaða.

Eins og fram kemur í inngangi gaf Ísfélag Vestmannaeyja Björgunarfélaginu höfðinglega gjöf fyrir tæpum tveimum árum síðan, sem var flokkunarhúsið á Nausthamarsbryggju.

Var húsið flutt á lóð sem við áttum á Tangasvæðinu. Húsið var lengt til þess að koma mætti björgunarbátnum ÞÓR inn í húsið. Einnig var ákveðið að byggja viðbyggingu sem hýsa myndi geymslur, varahluti, búningaaðstöðu og.þ.h.

Fyrirtækið 2-Þ. tók að sér viðbygginguna, einangra húsið og ganga frá klæðningu að utan. Húsið er alls um 230 fermetra að stærð. Í dag er húsið fullklárað að utan, einangrað, með steipt gólf, en óinnréttað að innan. Húsið var vissulega óhrjálegt fyrstu mánuðina eftir að það var sett á sökkul, en er í dag fallegasta húsið á hafnarsvæðinu !.

Þá hefur verið tekið til hendinni í húsnæði okkar við Faxastíg. Í dag er verið að rífa niður gamla járnfataskápa sem einstaklingsbúnaður félaga var geymdur í og setja upp stærri og betri skápa. Gömlu skáparnir voru alltaf of litlir undir þann einstaklingsútbúnað sem gerðar eru kröfur um í dag, og of auðvelt var að komast inn í þá. Nýju skáparnir eru stærri, öruggari og loftræstir. Lítilsháttar breitingar hefur þurft að gera til að koma nýju skápunum fyrir.

Þá hafa verið gerðar breytingar á efri hæðinni. Fluttir hafa verið til milliveggir og skipulagi breytt. Þar sem áður var sjórnstöð er nú setustofa með sófum og sjónvarpi, og stjórnstöð og skrifstofa hafa verið sett upp þar sem áður var herbergi, sem að mestu var notað undir gistingu. Einnig er á stefnuskránni að kaupa nýja stóla og borð í aðalsalinn, en vegna skorts á slíku hefur salurinn verið of lítið notaður á liðnum árum.

Bílmál.

Lundi 1 (Econoline) er kominn til ára sinna og er farinn að taka til sín mikla fjármuni í viðhaldi nú þarf að skoða það af alvöru hvort eiga á bílinn lengur eða skifta honum út.

Lundi 2 (Nissan Patrol) lenti í nokkuð miklu tjóni á þessu ári og verður ekki í notkun í næstu 2-3 mánuði og höfum við fundið fyrir því að okkur hefur vantað minnprófsbíl.

Stjórnin ákvað að kaupa notaðan Mazda sendibíl. Ástæða þess var sú að mjög mikið snatt og efnisflutningar hafa verið í kringum húsbyggingu okkar og í kring um þjóðhátíð og flugeldasýningar. Hingað til höfum við notað björgunarbíla. Nú er svo komið að meirapróf þarf á annan þeirra, einnig fara bílarnir illa á því að verið er að troða allskonar dóti og drasli inni þá auk þess sem það er dýrt að slíta 38 tommu dekkjum í bæjarsnatti. Stjórnin ákvað því að kaupa ódýran sendibíl og létta með því álaginu á “alvöru” bílunum.

Gjafir.

Í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Ísfélags Vestmannaeyja, færði félagið Björgunarfélagi Vestmannaeyja að gjöf eitt hundrað þúsund krónur.

Vestmannaeyjahöfn færði félaginu að gjöf sex björgunarflotgalla.

Stjórnin þakkar Ísfélaginu og Vestmannaeyjahöfn þessar höfðinglegu gjafir.

Björgunarbáturinn ÞÓR.

Björgunarbáturinn Þór er nú orðinn níu ára gamall. Eins og allir vita þurfa bátar mikla umhirðu eftir því sem þeir verða eldri. Á síðasta ári voru túrbínurnar teknar upp, ásamt spíssum og kælum. Auk þess var ýmislegt fært til betri vegar um borð. Nú liggur fyrir að taka þurfi upp jettin sem eru drifbúnaður bátsins, auk þess þarf að mála bátinn. Þetta mun verða kostnaðarsöm framkvæmd vegna mjög dýrra varahluta.

Félagið hefur notið ýmissa styrkja við rekstur bátsins frá komu hans. Nýlega gerði félagið samstarfssamning við Olúfélag Íslands hf. (ESSO) og Landflutninga-Samskip. Munu þeir leggja til alla brennsluolíu á bátinn. Kunnnum við þessum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir þennan öfluga stuðning.

Þjóðhátíðin.

Þjóðhátíðin gekk vel . Gott veður var hátíðardagana. Öflug gæsla áttu sinn þátt í því hátíðin hafði yfir sér blæ þjóðhátíðar eins og heimamenn vilja hafa hátíðina. Félagið fékk sér til aðstoðar um áttatíu björgunarsveitarmenn frá björgunarsveitum á Íslandi auk meðlima BV.

Að vanda sá Björgunarfélagið um flugeldasýningar á hátíðinni. Í minnsta kosti tíu sl. ár hefur mátt heyra í dalnum eftir hverja flugeldasýningu “Vá, þessi var sú allrabesta” Meðan svona yfirlýsingar heyrast í dalnum megum við vel við una.

Námskeið fyrir almenning og vinnustaði .

Félagið sá um tvö námskeið fyrir almenning á starfsárinu. Fyrra námskeiðið var skyndihjálparnámskeið sem var haldið fyrir starfsfólk Vinnslustöðvarinnar.

Hitt námskeiðið var um notkun áttavita og kort,einnig í notkun GPS tækja. Góð þátttaka var í námskeiðunum og þóttu þau takast vel.

Árshátíð.

Árshátíðin var haldin í húsi félagsins 24.október. Mæting var góð og tókst vel.

Göngurall.

Göngurall var haldið 11.nóverber sl. Fjórtán hófu gönguna en ekki komust allir í mark. Það fer ekki á milli mála að sú kynslóð sem nú er að alast upp á langt í land með að ná þeirri snerpu og því úthaldi sem eldri kynslóðir í félaginu telja sig hafa haft í göngurallinu. Því þarf hamborgara og pizzu kynslóðin að taka sig verulega á ef hún ætlar að ná góðum árangri í rallinu í framtíðinni

Samvörður 2002.

Í sumar verður haldin hér stóræfing á vegum NATO og PFP ásamt Íslenska ríkinu.

Þáttur Björgunarfélagsins í æfingunni verður mönnun almannavarnarstjórnstöðvar, svæðisstjórn, taka þátt í rústabjörgun/fjallabjörgun.

Einnig munum við leggja til ÞÓR og kafara í köfunarverkefni.

Útköll-æfingar.

Útköll á Heimaey voru með allra fæsta móti sl. starfsár. Auðvitað ber að fagna því. Færri útköll, færri óhöpp og slys.

29.okt.2001.

Beiðni frá lögreglu kl.05:30. Hávaða SV-rok. Þakplötur voru byrjaðar að losna og hefta þurfti ýmislegt lauslegt. Aðgerð lauk um kl. 08:00. Tólf tóku þátt.

15.júlí 2001.

Rústa og skyndihjálparæfing, haldin við “skátastykkið”

12-15.október.2001.

Landsæfing Slysafélagsins Landsbjargar var haldin á Snæfellsnesi. Farið var á báðum bílum BV. ásamt rústabjörgunarkerru. Níu félagar okkar tóku þátt í æfingunni.

06,desember.2001.

Stjórnstöðin var mönnuð vegna útkalls. Mb.Ófeigur sökk um fjörutíu sjómílur austur af Eyjum. Vegna fjarlægðar,dimmu og sjólags var ákveðið að senda ÞÓR ekki á slysstað.

23.febrúar.2002.

Stjórnstöð var mönnuð vegna útkalls er mb.Bjarmi VE sökk vestan við Eyjar.

Björgunarbáturinn ÞÓR sendur á staðinn.

02.mars.2002.

Ellefu meðlimir BV. gengu fjörur í tengslum við sjóslys Bjarma VE.

ÚR SKIPSBÓK BJÖRGUNARBÁTSINS ÞÓRS.

Útköll og æfingar.

15.maí.2001.

Þjónustutúr í Bjarnarey. Úr höfn kl.20:00. Í höfn kl.21:00.

19.maí.2001.

Farið með Lionsmenn í fjölskylduferð út í Elliðaey og þeir sóttir síðdegis sama dag.

20.maí.2001.

Þjónustutúr með fólk sem vildi skoða “Keikó”.Úr höfn 16:00. Í höfn 16:45.

05.júní.2001.

Þjónustutúr í Suðurey. Nokkur bræla en allt gekk vel.

16.júní.2001.

Farin þjónustutúr í Surtsey með franska kvimyndatökumenn. Þeim til aðstoðar voru nokkrir meðlimir BV. Úr höfn kl.10.00 og endanlega í höfn kl.18:00.

18.júní.2001.

Farið með kafara út í Hraunsvík GK 90 en báturinn var með fast í skrúfunni. Ekki tókst að skera úr skrúfunni og var báturinn dregin til Eyja. Úr höfn kl.22:30 og komið til hafnar kl.03:40.

14.júlí.2001.

Trilla, stödd um það bil 12.sjómíllur austan við Eyjar bað um aðstoð þar sem hún hafði slegið úr sér og var því farin að leka og vél farin að ganga skrikkjótt. Þór fylgdi trillunni til hafnar en hún gekk allan tíman fyrir eigin vélarafli. Úr höfn kl.19:45. Í höfn kl.21:30.

15.júlí.2001.

Boð komu frá Neyðarlínunni um tuðru sem rak vélarvana í blíðskarparveðri um 1.sjómílu útaf Brimurð. Var hún dregin til hafnar. Úr höfn kl.20:40. Til hafnar kl.21:15.

17.júlí.2001.

Boð komu frá Neyðarlínunni um bát Rúnu RE 150. sem var með fast í skrúfunni um 4.sjómíllur austan við Vík í Mýrdal. Farið var með kafara sem skar úr skrúfunni. Úr höfn kl.09:30 og til baka kl.14:00.

25.júlí.2001.

Farið með úteyjarkarla í Elliðaey, Suðurey og Hellisey. Úr höfn kl.17:00 og til baka kl.19:25.

12.ágúst.2001.

Farið með nokkra nýliða BV.í siglingu um sundin blá.

25.ágúst.2001.

Greiðatúr með krakka í óvissuferð austurmeð og austurfyrir Eyjar. Farið með fólk út í Elliðaey og náð í það aftur seinnipartinn. Úr höfn kl.11:30. Í höfn kl.18:45.

01.sept.2001.

Fólk sótt í Elliðaey.

02.sept.2001.

Boð kom um Vestmannaeyjarradíó um vélravana hraðfiskibát, tb. Tind SF.

Báturinn var staddur austur á Portlandi. Úr höfn kl. 22:00. Veður NV 5-8m og sjólítið.

Komið að Tindi 23:10. Vel gekk að koma línu á milli og draga bátin til hafnar en þangarð var komið uppúr kl.02:+

07.sept.2001.

Beiðni barst um að fylgja báti frá Elliðaey og í höfn. Var þetta vegna veðurs.

Úr höfn kl.18:40 og til hafnar kl.19:35.

16.okt.2001.

Farin æfingarsigling. Austan rok, en sjólítið.

18.des.2001.

Útkall "Rauður einn" í gegnum Vm.radio. Tilkynning um logandi bát við Smáeyjar. Þór var farin af stað innan við tíumínútum seinna. Sem betur fer kom í ljós að hinn "logandi" bátur var allsekki logandi, heldur reykti vél hans all svakalega vegna einhverrar bilunar. Úr höfn 13:15.Í höfn 13:50.

24.jan.2002.

Æfingarsigling. Úr höfn kl.20:10 og til hafnar kl.21:10.

23.feb.2002.

Útkall gulur. Bjarmi VE. Fóstis um 20 sjómíllur vestan af Eyjum. Leitað var á fjórða tíma í hávaða roki og brælu og komið heim undir myrkur.

15.mars.2002.

Farið með kafara að mb. Glófaxes VE. En hann var með í skrúfunni um 17míllur austan af Eyjum. Vél gekk að skera úr skrúfunni enda var sjómablíða. Úr höfn kl.15:00. Til hafnar kl.18:00.